

Grein um 3 heimar

Ný plata með Bubba Morthens kemur út í dag:

Sækir texta í fréttabætti sjónvarpsins

“Með nafni plötunnar er ég í senn að skírskota til þess að manneskjan lifir í þremur heimum og einnig þeirra tónlistarlegu stílbrotu sem er að finna á henni,” segir Bubbi Morthens þegar hann er beðinn að skýra út nafnið á nýjustu plötu sinni, Þrjú heimar sem kemur út í dag.

“Ég held að hér sé um klassíska Bubba-plötu að ræða þótt vinnubrögðin við hana hafi verið öðruvísi en áður,” heldur hann.

“Hún er unnin meira og minna undir hip hop áhrifum frá New York þótt þau blasi svo sem ekkert við í endanlegu útkomunni. Upptökustjórinn vildi ekki láta mig rappa. Sagði að ég væri fyrst og fremst melódíumaður og að hún þyrfti því að fá að sín.”

Upptökustjórinn er Svíinn Christian Falk og er Þrjú heimar fjórða platan sem hann vinnur með Bubba. “Mig langaði einfaldlega í nýjan hljóð sem ég vissi að íslenskir tónlistarmenn voru ekki með. Ég vissi að Christian var að vinna plötu með Neri Cherry og hringdi í hann. Sem betur fer hittist svo á að hann átti dauðan tíma og við unnum plötuna saman með Eypór Gunnarsson sem þriðja mann. Síðan voru nokkrir til viðbótar kallaðir til. Ellen Kristjánsdóttir raddar til dæmis með mér og KK tekur með mér lagið.”

Fréttafíkill

Textar Bubba skipta miklu máli eins og fyrri daginn. Sungið er um allt milli himins og jarðar. Þó segist hann byggja þá minna á persónulegri reynslu en oft áður.

“Ég er fréttafíkill,” segir hann og gýtur augunum á skjáinn þar sem fréttapulur BBC er í óðaönn að skýra frá friðarverðlaunum Nóbels. “Textann við Bleika þríhynunga sótti ég til dæmis í fréttatengdan þátt hjá BBC þar sem verið var að fjalla um homma og lesbíur í fangabúðum þriðja ríkisins. Þetta fólk var merkt með þremur bleikum þríhyrningum og það sætti hörmulegri málkvölurum sínum áður en endi var bundinn á líf þess. Textinn við Atvinnuleysið er komið til að fara er til dæmis úr frétt í Ríkissjónvarpinu,” heldur hann áfram. “Þar var fjallað um félagslega stöðu atvinnulausra og birtar makalausar yfirlýsingar stjórnarliða um þá. Þar var mikil steypa á ferð. Svo ég nefni eitt dæmi til viðbótar varð textinn við Maður án tungumáls þegar ég horfði á kór Verslunarskólans hjá Hemma Gunn. Krakkarnir komu þarna fram með brot úr Jesus Christ Superstar og sungu það á ensku þrátt fyrir að tvær íslenskar þýðingar á verkinu séu til. Mér varð svo mikið um að ég stökk til og hripaði hjá mér nokkur brot sem síðan urðu að þessum texta. Ég var alveg gapandi yfir mórálnum hjá þessu unga fólki.” Íslenskir textar eru Bubba augsýnilega hjartans mál. “Fólk talar ofl um að enska sé mál rokksins,” segir hann. “Hvers vegna er gríska þá ekki mál bókarinnar? Eiga rithöfundar ekki að skrifa allar sínar bækur á grísku ef við notum sömu röksemdafærslu? Nei, ég ót að ansi margir af þeim sem syngja á ensku hafi frá litlu að segja og reyni að breiða yfir það með því að nota erlent tungumál.”

Endað á Litla-Hrauni

Þremur heimum verður fylgt eftir með fimmtíu tónleikum víðs vegar um land á næstu vikum. Bubbi verður einn með gítarinn og íh meira að segja að efna til þriggja klukkustunda útgáfutónleika í Borgarleikhúsinu. "Svo enda ég á Litla Hrauni á áðfangadag eins og venjulega," segir hann. "Það eru loka tónleikarnir fyrir jól." Hann er ekki alveg viss um hvernig næsta plata hans verður - og þó.

"Ég hef verið að semja gleði- og drykkjuvísur Bubba að undanfögnu og er kominn með efni á svo sem hálfu plötu," segir hann. "Í þeim syng ég um ýmsa eftirminnilega karaktera sem ég hef sukkað með á undanfögnu árum. Þetta eru litlar sögur af skemmtilegu fólki eins og til dæmis Magga vini mínum sem gat ekki gert það nema í leigubíl. Ég reyni að hafa húmor og kæruleysi í þessum vísum, svona í anda Ása í Bæ og Bellmanns. Mig langar líka að vinna meira í reggae-takti.

Um GCD er lítið hægt að segja að svo komnu máli. Óvíst hvað gerist með þá hljómsveit. Við eigum að vísu eftir að skila einni plö sem við lentum í óvæntum fjárhagserfiðleikum með aðra plötuna er aldrei að vita nema þeir verði kveikjan að því að við ráðumst

DV 20 október 1994